


Hekluð budda

Höfundur: Guðný María Höskuldsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í hekli fyrir 6. bekk



Aðferð:

Hekl
Saumað í höndunum

Efni:


- ✓ Bómullargarn með góðum snúningi
- ✓ Rennilás
- ✓ Tvinni

Áhöld:


- ✓ Heklunál nr. 4
(eða sú stærð sem hentar þeirri garntegund sem notuð er)
- ✓ Fín saumnál
- ✓ Títuprjónar

Vinnulýsing fyrir nemendur

Hekluaðferð 1



Hekluaðferð 2



Loftlykkjur




1 Æfið ykkur með því að hekla band með loftlykkjum eða þar til lykkjurnar eru orðnar nokkuð jafnar og þið hafið náð tókum á að halda á nálinni.

2 Byrjið nú aftur og heklið loftlykkjur eins langt og buddan á að vera breið.

3 Heklið síðan fastalykkju í aðra loftlykkju frá nálinni og síðan fastalykkjur í hverja loftlykkju áfram út á enda.

Munið eftir að hekla í hverja loftlykkju.

Fastahekl



4 Á endanum eru heklaðar 3 fastalykkjur í endalykkjuna og síðan er heklað fastahekl áfram hinum megin í loftlykkjurnar til baka og 3 fastalykkjur í endalykkjuna þar líka.

5 Heklið núna hring eftir hring þar til buddan er orðin eins stór og þið viljið hafa hana.

Skiptið um garnlit að vild.



6 Hættið að hekla í öðrum endanum, ekki í miðjunni. Þegar þið eruð búin þá er bandið klippt og lykkjan dregin upp.


7 Felið endana á röngunni.

Rennilás

1 Festið nú rennilásinn þannig að botninn á rennilásnum er festur fyrst í annan endann á buddunni með títuprjónum og síðan er lásinn nældur niður í báðar hliðarnar.

2 Rennilásinn er handsaumaður með tvinna og finni nál og notaður er afturstingur.

Afturstingur



3 Ef rennilásinn er of langur þá er hann klipptur u.þ.b. 1,5 cm lengri en þarf og brotið upp á endann og hann falinn undir rennilásnum.

4 Festið tvinnann með hnút þegar búíð er að sauma rennilásinn í svo að hann rakni ekki upp.

Til kennara

Athugið að tvær aðferðir eru til við að halda á heklunálinni. Best er að nemendur velji aðra hvora aðferðina sem þeim þykir þægilegast að nota. Í byrjun æfa nemendur sig á að halda á heklunálinni og garninu. Hekla síðan langt loftlykkjuband eða þar til lykkjurnar eru orðnar nokkuð jafnar. Eftir það eru þeir tilbúnir að byrja á buddunni.

Rennilás

Ef rennilásinn er of langur, þá er hann klipptur í rétta stærð eða u.þ.b. 1,5 cm stærri en buddan. Best er að byrja í botni rennilássins og festa með títuprjónum þar og svo hvora hlið fyrir sig. Rennilásinn er saumaður með tvinna og fínni nál og notaður er afturstingur. Gott er að gera hnút sem falinn er undir rennilásnum svo hann sjáist ekki. Síðan er brett upp á endana og þeir saumaðir niður.